

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs, frá í gær, þar sem sambandinu eru send þrjú þingmál til viðbótarumsagnar.

Í fyrri umsögn hafði sambandið einkum uppi efnislegar athugasemdir við frv. til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (560. mál). Mjög jákvætt er að í endurskoðuðu frumvarpi hefur verið komið til móts við þessar athugasemdir einkum með skýru ákvæði um að uppsöfnuð skuld við opinbera aðila vegna meðlags falli ekki undir greiðsluaðlögun.

Sambandið bendir hins vegar á að í stað skýrs ákvæðis í eldri gerð frumvarpsins um að áfallandi meðlög séu undanþegin greiðsluaðlögun (sbr. c-lið, 2. mgr. 24. gr. á þskj. nr. 950) er nú vísað til þess í c-lið 1. mgr. 3. gr., að greiðsluaðlögun taki ekki til krafna sem nytu stöðu samkvæmt 109., 110. og 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. ef bú skuldara hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta á þeim degi sem umsókn hans um greiðsluaðlögun var tekin til greina.


Ráða má af drögum að skýringum með endurskoðuðu frumvarpi að ákvæðið sé sambærilegt ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og að sambærileg rök liggja að baki því að undanþiggja þessar kröfur greiðsluaðlögun. Byggir reglan á því viðhorfi að greiðsluaðlögun eigi ekki að haggja stöðu þess sem nyti forgangsréttar fyrri kröfu sinni við gjaldþrotaskipti. Þær kröfur sem um ræðir eru m.a. eignir þriðja manns, kostnaður af útför, kröfur um laun og aðrar launatengdar kröfur, kröfur maka, fyrrverandi maka eða barns um lífeyri eða meðlag eftir að umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið tekin til greina og kröfur um þóknun umsjónarmanns.

Sambandið tekur fram að kröfur Innheimtustofnunar sveitarfélaga falla ekki undir 109.-112. gr. gjaldþrotaskiptalaga og getur tilvísun þar um því ekki undanþegið kröfur stofnunarinnar um áfallandi meðlög undan greiðsluaðlögun, enda þótt um þessar (áfallandi) skuldir fari samkvæmt ívilnunarúrræðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971. Hvað þetta varðar mun í framkvæmd væntanlega reyna á þá undanþágu frá greiðsluaðlögun vegna krafna sem orðið hafa til eftir að umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið tekin til greina (sbr. ráðagerð í a-lið 3. gr. endurskoðaðs frumvarps). Þar eru hins vegar óvissuþættir fyrir hendi sem ekki gefst tækifæri til þess að skoða nákvæmlega vegna þess skamma tíma sem gefinn er vegna umsagnarinnar. Að teknu tilliti til þessa er athugandi hvort ekki sé rétt að hafa um það skýrt ákvæði í lögnum að þrátt fyrir greiðsluaðlögun beri skuldara að greiða að fullu áfallandi meðlag og lífeyri samkvæmt hjúskapar- eða barnalögum.

Að öðru leyti hefur sambandið ekki athugasemdir við þingmálin.

Virðingarfyllst,
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Tryggvi Þórhallsson lögfr.



Tryggvi Þórhallsson
lögfræðingur
Beint innval: 515 4918
Netfang: tryggvi.thorhallsson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is